

Aðalfundur LSG 24. maí 2019

Fundarstjóri: Jón Freyr Þórarinsson

1. Skýrsla stjórnar

Ingvi Stígsson, formaður LSG, flutti skýrslu stjórnar LSG. Sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar í viðauka 1.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar

Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri LSG, flutti skýrslu gjaldkera, sjá reikninga í viðauka 2. Skráðir félagsmenn eru 148. Tekjur kr. 192.877. Gjöld kr. 38.378. Höfuðstóll er kr. 1.571.526.

Umræður: Engar umræður. Skýrsla og reikningar samþykkt samhljóða.

3. Lagabreytingar

Laganefnd var skipuð af; Jakob Falar Garðarsyni, Finnbirni A. Hermannssyni og Erling Ásgeirssyni. Breytingartillögur hafa verið kynntar á vefnum www.hornstrandir.is. Jakob Falur Garðarsson Hvíum Jökulfirði, kynnti lagabreytingar í heild sinni.

Umræður og samþykktir:

Þriðja grein: Samþykkt.

Fjórtða grein: Rætt um hvort fjarfundarbúnaður gæti komið til greina á félagsfundi.

Bætist aftan við fyrstu málsgrein: „eða komi ósk um félagsfund frá a.m.k. 10 manns“.

Fimmta grein: Taka útvarpskvaðningu út. Samþykkt.

Sjötta grein: Halda tillögu að fyrri hluta greinar óbreytt. Halda hluta af yfirstrikuðu í seinni hluta inni. „Nú hefur félagsstjórn, innan tilskilins tíma.....“. Samþykkt samhljóða.

Sjöunda grein: Samþykkt.

Áttunda grein: sbr. 14. grein en ekki 10. grein. Samþykkt samhljóða.

Níunda grein: Samþykkt samhljóða.

Tíunda grein: Samþykkt samhljóða.

Ellefta grein: Samþykkt samhljóða.

Tólfta grein: Helgi Þorvarðarson kom með breytingartillögu og var hún lögð til samþykktar. Hann vísaði í lög ýmissa annara landeigendafélaga. Umræður voru um tillöguna og almennur hljómgrunnur var fyrir því að betra sé að kjósa hluta stjórnar á hverju ári til að tryggja samfellu í stjórn og tryggja að það hætti ekki allir í einu. Matthildur taldi breytingartillöguna til bóta og vel unna af laganefnd. Tillaga Helga var felld með öllum atkvæðum nema einu. Tillaga laganefndar var samþykkt. Bæta þó

inn „stjórn skipti með sér verkum“ fyrir aftan: „Kjósa skal einn varamann á hverju ári“.

Prettánda grein:

Umræður:

Matthildur er alfarið á móti þessari grein og vill sleppa henni. Hafsteinn velti fyrir sér af hverju er miðað við 15. apríl. Taldi skrytið að fá í aðalfundarboði hverjir gefi kost á sér í stjórn. Brynjar taldi þessa grein út í hött og frekar til þess gerða að hægt sé að gera hallarbyltingu í stjórn félagsins. Mikil óánægja var meðal fundamanna að þeir einir sem getið er um í aðalfundarboði geti gefið kost á sér í stjórn. Brynjar lagði til að seinni hluti greininnar sé felldur út um „þeir einir....“

Helgi taldi að tilgreina ætti í fundarboði hver ætlaði „ekki“ að bjóða sig fram.

Matthildur kom með breytingartillögu. Breytingartillagan er að fyrsta málgrein haldi sér en aðrar detti út. „Með aðalfundarboði skal koma fram hverjir í stjórn gefi áfram kost á sér til stjórnarsetu“.

Brynjar lagði til að fella greinina út í heild sinni.

Tillaga um að fella greinina út í heild sinni var samþykkt með meirihluta atkvæða gegn fjórum atkvæðum.

Fjórtánda grein verður þrettánda grein: Samþykkt samhljóða.

Fimmtánda grein verður fjórtánda grein: Verður sér grein: „Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 fundarmanna gjaldi breytingunni jákvæði“. Samþykkt samhljóða.

Fimmtánda grein: Samþykkt samhljóða.

Tillaga að lagabreytingum var borin upp í heild sinni: Samþykkt.

4. Stjórnarkjör

Formaður kosinn: Ingvi gefur kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

Varaformaður: Sölvi gefur kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

Aðrir stjórnarmenn: Gefa kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

Varamenn gefa kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

5. Kjör tveggja skoðunarmanna til 2ja ára í senn og tveggja til vara

Brynjar Valdimarsson og Ingibjörg Ásgeirsdóttir gefa ekki kost á sér áfram sem skoðunarmenn. Jónína Vala Kristinsdóttir og Unnur Friðriksdóttir gefa kost á sér sem skoðunarmenn.

Anna Ásgeirsdóttir og Jón Borgarson gefa ekki kost á sér áfram sem varamenn.

Ásmundur Guðnason og Jakob Falur Garðarson gefa kost á sér sem varamenn.

Samþykkt samhljóða.

6. *Tekin ákvörðun um árgjald félagsins.*

Tillaga kom um óbreytt árgjald kr. 1200. Samþykkt samhljóða.

Umræður: Spurning kom um kostnað við möguleg málaferli vegna Óbyggðarnefndar.

Ingvi útskýrði að Óbyggðarnefnd kosti vinnu ef til málaferla komi. Spurning kom um hvaða svæði þetta eru. Ingvi útskýrði að þetta væru almenningar.

7. *Önnur mál:*

Matthildur kvað sér hljóðs og þakkaði stjórn félagsins sem gefur kost á sér aftur og þakkaði þeim sem voru í laganefnd fyrir gott starf.

Hafsteinn óskaði eftir að stjórn sendi frá þér upplýsingar um hverjir verði áfram í kjöri til stjórnar og það sé kynnt með aðalfundarboði.

Jakob Falur ræddi um stækkandi hópa sem eru eigendur landa og húsa og að hans fjölskylda hefði stofnað félag um sína eign og að þau hefðu stofnað félagið til einföldunar.

Ásmundur ræddi um áhugamál sitt að uppræta mink. Hefur séð mun á fiski eftir að síur voru settar upp. Matthildur sagði að í verndaráætlun væri minnkurinn réttdræpur. Tófan fer ekki í síurnar.

Staðfesting fundargesta á setu sinni á Aðalfundi 2019 er í viðauka 3.

Fundi slitið kl. 22.15.

Gunnar H. Kristjánsson, ritari LSG

Stjórn LSG

Ingvi Stígsson

Horni, formaður

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Hesteyri, varaformaður

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Sæbóli og Efri-Miðvík, meðstjórnandi

Gunnar H. Kristjánsson

Látrum, ritari

Margrét Katrín Guðnadóttir

Fljótavík, Gjaldkeri

Varamenn

Halldóra Kristinsdóttir

Hesteyri

Jósef Vernharðsson

Fljótavík

Sigrún Þorvarðsdóttir

Látrum og Neðri-Miðvík

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkuhrepps 23. maí 2019

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið

23. maí 2018 til 23. maí 2019.

Á fyrrgreindu tímabili voru haldnir 4. stjórnarfundir auk 3 funda í Hornstrandanefnd og 1 fundar í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Haldnir voru 2 kynningarfundir á vegum Umhverfisstofnunar um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir félagsmenn í LSG. Auk þess hélt LSG 2 kynningarfundir um stjórnunar- og verndaráætlun, skipulagsmál og þjóðlendumál.

1. Aðalfundur LSG haldinn 23. maí 2018

Ekki kom til kosningar, en á aðalfundi 2017 voru eftirfarnir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára:

- Ingvi Stígsson, formaður, Horni
- Sölvi Rúnar Sólbergsson, varaformaður, Hesteyri
- Gunnar Kristjánsson, ritari, Látrum
- Margrét Guðnadóttir, gjaldkeri, Fljótavík
- Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi, Sæbóli og Efri-Miðvík

Varamenn voru kosnir

- Sigrún Þorvarðsdóttir, Látrum og Neðri-Miðvík
- Jósef H. Vernharðsson, Fljótavík
- Halldóra Kristinsdóttir, Sæbóli

Skoðunarmenn reikninga voru kosin

- Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Sæbóli
- Brynjar Valdimarsson, Látrum

Til vara

- Jón Borgarsson, Hesteyri
- Anna Ásgeirsdóttir, Sæbóli

Verkaskipting stjórnar hélst óbreytt.

2. Stjórnarfundir

Félagið hefur haldið 4 stjórnarfundum á tímabilinu. Hefur aðstaðan verið nokkuð góð og fjarstaddir félagsmenn hafa geta tekið þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Á fyrsta stjórnarfundinum sem haldinn var 6. júní 2018 var farið yfir upplýsingabækling til landeigenda og húsafólks. Tók umsjónarmaður friðlandsins, Kristín Ósk Jónasdóttir, þátt í umræðum enda er bæklingurinn gerður af frumkvæði og af Umhverfisstofnun.

Að auki var farið yfir stjórnunar- og verndaráætlun en þá var kynningarferlið nýhafið.

Rætt var jafnframt um deiliskipulag vegna þjónustuhúss á Hesteyri og ákveðið að hvetja til þess við Ísafjarðarbæ að taka skipulagsmál á Hesteyri fyrir.

Á fundinum var einnig tekin fyrir erindi frá Ísafjarðarbæ um umsögn varðandi deiliskipulagstillögu vegna Sæborgar - hvatt var til þess að svæðið í heild sinni verði deiliskipulagt saman.

Stjórn fól Erling Ásgeirssyni, Finnbirni Hermannssyni og Jakobi Garðarsyni að koma með tillögu að heildarendurskoðun laga LSG sem tekin verður fyrir seinna á þessum fundi.

Ákveðið var að afhenda Þjóðskjalasafni eldri fundargerðir og láta því eftir að meta aðgengi að gögnum. Fór ritari með fundargerðirnar á Þjóðskjalasafnið í mars og verða þær aðgengilegar félagsmönnum. Aðrir en félagsmenn þurfa samþykki stjórnar.

Á öðrum fundi starfsársins, 13. október 2018 var enn rædd um þjónustuhús á Hesteyri. Lagt fram til kynningar fundargerðir skipulags- og mannvirkjanefndar varðandi ósk um niðurrit á Látrum í Aðalvík og deiliskipulag á Sæborg í Aðalvík.

Kynntar voru fyrirhugaðar mengunarmælingar á Straumnesfjalli og Látrum. Farið yfir stöðuna á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hornstrandarfriðland. Jafnframt var rætt um skipulagsmál, en komið er að endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Á stjórnarfundum 11. febrúar var enn rædd um þjónustuhús á Hesteyri og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Lögð voru drög að fundi fyrir félagsmenn á Ísafirði og farið yfir störf Hornstrandanefndar og stöðu stjórnunar- og verndaráætlunar.

Á síðasta stjórnarfundum ársins var tekið fyrir erindi Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar um byggingarleyfi á Sæborg og lögð upp drög að bréfi til Ísafjarðarbæjar.

Rædd var um erindi Jóns Dofra Baldurssonar um félagaskrá og svör Persónuverndar við spurningum formanns varðandi afhendingu á félagaskrá. Skv. Persónuvernd þarf að liggja fyrir málefnalegur tilgangur og var Jón Dofra upplýstur um að legði hann fram meiri upplýsingar um tilgang þá gæti hann fengið aðgang að skránni.

Ákveðið var að Sölvi yrði áfram fulltrúi LSG varðandi skipulagsmál í friðlandinu. En mynda á hóp utan um rammaskipulagsgerð.

Félagið stóð fyrir 2 kynningarfundum, annars vegar á Ísafirði og hins vegar í Reykjavík. Var þar rædd um stjórnunar- og verndaráætlun, skipulagsmál og þjóðlendumál.

Varðandi þjóðlendumál þá hefur frestast að taka fyrir Ísafjarðarsýslur hjá óbyggðanefnd, stafar það af því að fjármálaráðuneytið þarf að fá aðra lögfræðistofu til að gera kröfulýsingu fyrir ríkið vegna hagsmunaárekstra hjá hinni fyrri. Telja má nokkuð öruggt að innan Sléttuhrepps verði gerð krafa um vestari almenningar verði þjóðlenda og innan Grunnvíkurhrepps verði krafa um austari almenninga sem eru innan friðlands og Drangajökul sem er utan friðlands. Kröfurnar gætu orðið fleiri, en þær velta fyrst og fremst á túlkun heimilda um afmörkun jarða, en í Barðastrandasýslu er m.a. farið aftur til 14. aldar.

3. Hornstrandanefnd

Í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, Hornstrandanefnd, sátu á tímabilinu sem fulltrúar LSG Ingvi Stígsson, Sölvi Sólbergsson og Margrét Katrín Guðnadóttir. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru Andrea Sigrún Harðardóttir og Gunnar Guðmundsson sem tók við af

Gísla Halldóri Halldórssyni. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Ósk Jónasdóttir, umsjónarmaður friðlandsins.

3 fundir voru haldnir í Hornstrandanefnd á tímabilinu.

Sá fyrsti var haldinn 23. maí 2019. Þar var unnið að umsögn varðandi deiliskipulag Sæborgar í Aðalvík. Kristín Ósk fór yfir stjórnunar- og verndaráætlun, verkefni sumarsins. Áætlaðar voru 16 landvarðarvikur og að auki myndi Kristín vera 10 vikur inn á svæðinu. Ráðgerð var vinna á og í kringum Hesteyri. Í innviðaaætlun 2018-2020 var úthlutað peningum til viðhalds göngustíga við og á Hesteyri, upplýsingaskilti um Hornstrandafriðland og þjónustuhús á Hesteyri. Að lokum var farið yfir landtöku skemmtiferðaskipa.

Annar fundurinn var haldinn 7. janúar 2019. Farið var stuttlega yfir helstu verkefni síðasta sumars. Farið var yfir fyrirspurn Umhverfiráðuneytisins varðandi Herstöðvarrústir á Straumnesfjalli. Farið yfir umsókn um að laga lendingaraðstöðu fyrir báta í Fljótavík - ekki eru gerðar athugasemdir við framkvæmdina. Farið var yfir umsókn Ferðafélags Íslands vegna framkvæmda við Hornbjargsvita, þ.e. stigi og togbraut, fallpípa vatnsvirkjunar og bygging vetrarklósets. Nefndin tók ekki fyrir þessar framkvæmdir en taldi nánari upplýsingar vanta.

Af gefnu tilefni var rædd um ferli varðandi gerð nýrra leiða og stikanir. Áhersla lögð á að koma slíku í ferli og lagt er upp með að slíkar hugmyndir yrðu að fara fyrir Hornstrandanefnd, landeigendur og Umhverfisstofnun.

Rætt var um stöðu stjórnunar- og verndaráætlunar. Farið var yfir innviðaaætlun og innviði svæðisins. Sérstaklega var rætt um gamla stikur, s.s. ofan úr Kýrskarði að Hornbjargsvita og upp úr Fljótavík í Þorleifsskarð. Sem og um neyðarskýlin og nauðsyn þess að klára brú yfir Skorará í Hrafnfirði.

Þriðji fundur var haldinn 17. janúar 2019 og þar var farið yfir nýjar upplýsingar frá Ferðafélagi Íslands varðandi framkvæmdir við Hornbjargsvita. Tekið er vel í framkvæmdirnar og lagt til að þær verði samþykktar svo framarlega sem lokahönnun liggur fyrir.

Í apríl og maí var svo afgreidd í tölvupósti umsögn Hornstrandanefndar vegna nýbyggingar á Sæborg - þ.e. varðandi byggingarlag.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun

Klárað var gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hornstrandafriðland. Í samstarfshópi sitja fyrir hönd LSG Ingvi Stígsson, Erling Ásgeirsson og Matthildur Guðmundsdóttir, fyrir Ísafjarðarbæ sitja Gauti Geirsson og Gísli H. Halldórsson. Fyrir Umhverfisstofnun hafa tekið þátt Jón Smári Jónsson, Kristín Ósk Jónasdóttir, Þórdís Sigþórsdóttir, Linda Guðmundsdóttir og Hildur Vésteinsdóttir.

Haldnir voru kynningarfundir í júní á Ísafirði og í Reykjavík, þar sem kynnt voru drög stjórnunar- og verndaráætlunar. Gefinn var frestur til að gera athugasemdir fram í júlí og í framhaldinu gerðar breytingar á því sem tilefni þótti til að breyta. Áætlunin fór í ferli innan Umhverfisstofnunar og var send umhverfiráðherra til staðfestingar og var hún staðfest og tók gildi í febrúar á þessu ári.

5. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildir til 2020 og ætti því vinna við endurskoðun þess að hefjast fljótlega. Núgildandi aðalskipulag gekk óvenjulengt þegar kom að fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurreppum. Ísafjarðarbær hefur hafið undirbúning að endurskoðun en ekki víst að sú endurskoðun verði ítarleg.

Fylgiskjöl

Fundargerðir stjórnarfunda Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps

- Fundur 6. júní 2018
- Fundur 13. október 2018
- Fundur 11. febrúar 2019
- Fundur 6. maí 2019

Fundargerðir Hornstrandaneftndar [með fyrirvara]

- Fundur 23. maí 2018
- Fundur 7. janúar 2019
- Fundur 17. janúar 2019

Fundargerðir samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum [með fyrirvara]

- 8. fundur 16. ágúst 2018

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Rekstrarreikningur
1.1.2018-31.12.2018

<u>Tekjur</u>	
Árgjald 2018	168.000 kr.
Vaxtatekjur	24.877 kr.
Tekjur samtals	192.877 kr.
<u>Gjöld</u>	
Vefur	19.554 kr.
Innheimtukostnaður árgjalds og póstkostnaður	13.350 kr.
Fjármagnstekjuskattur	5.474 kr.
Gjöld samtals	38.378 kr.
Rekstrarafgangur	154.499 kr.

Efnahagsreikningur
31.12.2018

<u>Eignir</u>	
Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík	16.519 kr.
Átthagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði	16.519 kr.
Grunnvíkingafélagið á Ísafirði	16.609 kr.
Veltureikningur	446.064 kr.
Vaxtareikningur	1.078.215 kr.
Eignir samtals	1.573.926 kr.
<u>Skuldir og eigið fé</u>	
Skuldir, ofgreidd félagsgjöld	2.400 kr.
Eigið fé	1.571.526 kr.
Skuldir og eigið fé samtals	1.573.926 kr.
<u>Höfuðstóll</u>	
Höfustóll 1.1.2018	1.417.027 kr.
Rekstrarafgangur	154.499 kr.
Höfustóll 31.12.2018	1.571.526 kr.

Við höfum athugað reikningana
og gerum ekki athugasemdir

Anna Þórunn Þórunn
Byggingarvaldinn

Borgarnesi 21.05 2019
Margrét Katrín Guðnadóttir
Margrét Katrín Guðnadóttir gjaldkeri
Ingvi Stígsson
Ingvi Stígsson formaður

Aðalfundur hSB 23. maí 2019

Kulpiþingmenn

HARSTEINN HARSTEINSSON

Gudni E. Hermannsson

Lilja Hlönn Halldórsd.

Halldóra Kristinsdóttir

Ingvaldur A. Friðriksson

Friðrik A. Friðriksson

Sigríður H. Friðriksson

Gudmundur Skírnir

Hermann P. Hermannsson

Umunnþingmenn

Margrét Samundsd.

Samundur Guðmundsson

Matthildur G. Guðmundsd.

Sigrún Vanhardsd.

Þayerip Toakur

Jakob Toakur Þantson

Brynjólfur Valdimarsson

for þinggjafi

Margrét Kárla Guðadóttir

Þingm. H. Skírnir